

Fundargerð
Fundur þróunarsamvinnunefndar 30. maí 2022
Kl. 10-12 á Teams og í Grímsstofu UTN

Mætt:

Þórir Guðmundsson, formaður þróunarsamvinnunefndar, Atli Viðar Thorstensen, Bryndís Haraldsdóttir, Geir Gunnlaugsson, Gísli Rafn Ólafsson, Guðrún Helga Jóhannsdóttir, Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, Jakob Frímagn Magnússon, Laufey Birgisdóttir, Ragnar Schram, Sjöfn Vilhelmsdóttir og Stella Samúelsdóttir.

Bergþór Ólason, Bjarni Jónsson, Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, Þórarinn Ingi Pétursson og Þórunn Sveinbjarnardóttir boðuðu forföll.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra, María Mjöll Jónsdóttir, skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu, Davíð Bjarnason, deildarstjóri tvíhliða þróunarsamvinnu, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa, Engilbert Guðmundsson, ráðgjafi á alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu, Ásdís Bjarnadóttir, sérfræðingur, deild tvíhliða þróunarsamvinnu, alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa.

Nefndarritari: Erla Ylfa Óskarsdóttir.

1. Fundur settur

Formaður bauð fundargesti velkomna og setti fund. Fundargerð fyrri fundar var samþykkt án athugasemda.

2. Síerra Leóne og þróunarsamvinnunefnd – stutt yfirlit

Formaður byrjaði á því að fara yfir þær umræður sem hafa átt sér stað um Síerra Leóne á vettvangi þróunarsamvinnunefndar. Hann fór einnig yfir hlutverk nefndarinnar skv. 4. gr. laga nr. 121/2008 um alþjóðlega þróunarsamvinnu, sem er að sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar.

Þann 21. nóvember 2020 kynnti Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkisráðherra, Síerra Leóne sem nýtt samstarfsland fyrir nefndinni í kjölfar úttektar samráðshóps. Vísað var m.a. til röksemdafærslna um að ná fram samlegð með Nordic plús samstarfsríkjum. Ráðherra sat fyrir svörum og kallaði eftir sjónarmiði nefndarinnar um valið. Spurt var m.a. um hugmyndir um héraðsnálgun, sem ráðherra sagði að byggt yrði á, og það hvort að opna ætti sendiráð í landinu.

Þann 16. desember 2021 var sérstakur dagskrárliður á fundi nefndarinnar um samstarf við Síerra Leóne. Kynnt var saga samstarfs við Síerra Leóne og farið yfir verkefni þar í landi sem og í Líberíu undir hatti svæðasamstarfs Alþjóðabankans. Upplýst var um að gerð hefði verið greining sem tók til greina stöðu fátæktar, mannfjölda, stjórnarfar o.fl. og að niðurstaðan hafi verið sú að Síerra Leóne henti betur til samstarfs en Líbería. Gerð var grein fyrir að áherslur verði fiskimál og bláa hagkerfið, vatns- og hreinlætismál í sjávarbyggðum og jafnréttismál. Héraðsnálgun verði skoðuð þegar líður á samstarfið. Þrjú samstarfsríki var talinn hæfilegur fjöldi í ljósi áhættustýringar og stærðar Íslands sem gjafiríkis.

Síðasti fundur, sem fór fram þann 29. apríl 2022, snerist svo um tvíhliða samstarf og hófst á kynningum og umræðum um samstarfið í Malaví og Úganda. Stuttar umræður um Síerra Leóne fóru fram í lok fundar, m.a. um að starfsfólk ráðuneytisins hafi átt marga fundi með ráðherrum, alþjóðastofnunum, félagasamtökum og öðrum gjafríkjum og að rætt hafi verið við Breta um samnýtingu á húsnæði. Nefndarmenn komu með spurningar og athugasemdir, m.a. um ráðgefandi hlutverk nefndarinnar og að skoða þurfi fiskveiðistjórnunarhluta samstarfsins vel. Tímaskortur olli því að umræður urðu ekki lengri og því ákveðið að nýta næsta fund til að ræða vel um Síerra Leóne.

3. Rök fyrir samstarfi við Síerra Leóne og núverandi staða mála

Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra, kynnti rökin fyrir samstarfi við Síerra Leóne fyrir nefndarmönnum. Hún sagði tvíhliða þróunarsamvinnu lykilþátt í þróunarsamvinnu Íslands þar sem árangurinn er áþreifanlegur og sýnilegur. Eftir lokun í Mósambík árið 2017 eru samstarfslöndin tvö, Malaví og Úganda. Þriðja samstarfslandið renni styrkari stöðum undir tvíhliða þróunarsamvinnu af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi stuðli það að áhættudreifingu, en Ísland starfar í fátækum ríkjum með veika stjórnsýslu þar sem margt getur farið úrskeiðis. Í öðru lagi séu styrkari faglegar stöðir með þremur eða fleiri löndum, meiri samlegðaráhrif í starfinu og öflugari þekkingaruppbygging. Í þriðja lagi séu tvíhliða samstarfslönd Íslands óvenju fá samanborið við önnur ríki m.t.t. íbúafjölda.

Við val á samstarfslöndum var stuðst við greiningu starfshóps frá árunum 2014-2015, þar sem mælt var með að fjögur lönd yrðu skoðuð betur, þ.e. Líbería, Síerra Leóne, Gambía og Rwanda. Í kjölfarið var lögð fram tilaga um að Síerra Leóne og Líbería yrðu skoðuð nánar. Árið 2020 var tekin ákvörðun um að Síerra Leóne yrði fyrir valinu.

Síerra Leóne er eitt af fátækustu ríkjum heims, nr. 182 af 189 löndum á lífsskjaralista Sameinuðu þjóðanna. Landið er frekar fámennt, þar búa 7,8 milljónir manna, og er númer 151 af 157 löndum á Human Capital Index (HCI) Alþjóðabankans. Eitt hæsta hlutfall mæðradauða í veröldinni er í Síerra Leóne og lífslíkur eru með þeim lægstu í heimi en ríkið mælist yfir meðaltali Afríkuríkja í mati á stjórnaritari og stjórnsýslu.

Fáir veitendur þróunaraðstoðar eru í tvíhliða þróunarsamvinnu í Síerra Leóne. Friður ríkir í landinu og stjórnarfar hefur farið batnandi, stefnur og kerfi eru til staðar í stjórnkerfi landsins til að þróa héraðsnálgun í takti við áherslur Íslands. Tækifæri eru til samstarfs í fiskimálum og bláa hagkerfinu, sem er ein af undirstöðum efnahags og fæðuöryggis í landinu. Einnig má nefna að mikill áhugi er fyrir samstarfi á sviði jafnréttismála og grunnþjónustu.

Íslensk stjórnvöld hafa fundið mikinn áhuga og fengi góðar móttökur stjórnvalda í Síerra Leóne sem og annarra framlagsríkja. Mörg tækifæri eru fyrir áhugaverð verkefni á áherslusviðum Íslands sem passa við þróunaráætlanir Síerra Leóne, íslensk félagasamtök eru mjög virk í verkefnum í landinu og tækifæri eru til samstarfs í fámennum hópi „líkt þenkjandi“ samstarfsríkja. Þá eru til staðar verkefni sem geta aukið samlegðaráhrif tvíhliða og marghliða samstarfs.

Að lokum fór ráðherra yfir rökin fyrir því að opna sendiráð í Síerra Leóne. Það að opna sendiráð gerir það að verkum að hlutirnir eru auðveldari í framkvæmd, öryggi starfsmanna eykst og líf þeirra sem starfa fyrir Ísland í Síerra Leóne einfaldast. Ísland á í góðu samstarfi við Bretland og er komið með óformlegt viljrði fyrir því að vera með þeim í húsnæði.

4. Umræður um fyrirhugað samstarf Íslands við Síerra Leóne

Formaður opnaði fyrir spurningar. Fulltrúar þökkðu fyrir góða kynningu og sögðu það gagnlegt að hafa fengið að heyra rökin að baki ákvarðanatökunni. Fundir nefndarinnar hafa verið fimm á þessu ári en einungis tveir á ári 2020 og 2021. Bent var á að umræðan hefði mátt eiga sér stað fyrr en því jafnframt fagnað að hún eigi sér stað nú.

Spurt var um auðlindir og nýtingu þeirra í Síerra Leóne. Eitthvað er um málma og auðlindir í jörðu, svo sem járn, gull og demanta. Hins vegar hefur ekkert land í Afríku orðið betur stutt vegna auðlinda í jörðu en það væri án þeirra vegna svokallaðrar „bölvunar auðlindanna“. Demanta er að finna á yfirborðinu í Síerra Leóne sem hefur skapað mikil vandræði og skekkst efnahagslífið.

Rætt var um það hvort að fjöldi samstarfslanda Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu sé óvenju lítil og spurt hvort að t.d. sé hægt að fjölga héruðum sem unnið er með í samstarfslöndum. Einnig var spurt hvort að mögulega hefði verið farsælla að fara inn í Síerra Leóne og önnur lönd í gegnum félagasamtök, sem mörg hver hafa reynslu af starfi þar. Svarað var að Ísland hefur fengið góðar niðurstöður í úttekstum varðandi tvíhliða nálgun sína.

Fulltrúar minntust á að eðlilegt hefði þótt að þessi umræða ætti sér stað á þeim tímapunkti þar sem ekki væri búið að taka ákvarðanir. Þannig hefði mátt hafa samráð við félagasamtök sem starfa í Síerra Leóne, sem gjarnan hefðu viljað fá samtal frá byrjun. Óskað var eftir að meira samráð verði haft við nefndina við val á samstarfslöndum í framtíðinni. Í svari var bent á að fyrir einu og hálfu ári var óskað eftir álitni nefndarinnar en það barst ekki. Utanríkisráðuneytið geti hins vegar alltaf tryggt meiri stuðning við starfsemi félagasamtaka ef það er á staðnum í formi sendiráðs.

Spurt var út í og rætt um val á verkefnum í Síerra Leóne. Ekki voru allir sammála um gagnsemi samstarfs á sviði fiskveiðimála, þar sem eðli veiða í Síerra Leóne sé ólíkt því sem gengur og gerist á Íslandi. Ísland hafi hins vegar góða reynslu af starfi á sviði heilbrigðis-, mennta- og jafnréttismála, og í Malaví hafi gengið vel að byggja upp innviði á þessum sviðum. Á móti var bent á að fiskveiðimál eru áherslumálefni samkvæmt þróunarsamvinnustefnu Íslands og að svæðasamstarf við Síerra Leóne hafi upprunalega hafist í gegnum fiskveiðiverkefni Alþjóðabankans. Mestur hluti starfsins muni þó snúast um aðra þætti, t.a.m. vatns- og hreinlætismál í sjávarþorpum. Fiskveiðar eru undirstöðuatvinnugrein í Síerra Leóne og skila meira í þjóðarþúið en t.d. námuiðnaður. Verulegur grunur er um ofveiði, sem ýtir undir þörf á fiskveiðistjórnun.

Fulltrúar fögnuðu því að sendiráð verði opnað, enda auðveldi slíkt samstarf við stjórnvöld í landinu og valdi því að félagasamtökum reynist auðveldara að komast inn í landið. Það að hafa diplómatiska fulltrúa á staðnum opni dyr sem frjáls félagasamtök geta ekki opnað sjálf. Mikilvægt sé að náið samstarf sé á milli allra íslenskra aðila sem eru á svæðinu og hugað að því að efla samráð milli íslenskra félagasamtaka og tvíhliða samstarfsins.

Ráðherra þurfti að yfirgefa fundinn klukkan 10:53. Hún kvaddi nefndarmenn með þökkum fyrir góðan fund og lýsti yfir áhuga á að nýta krafta nefndarinnar við endurskoðun þróunarstefnu Íslands í formi e.k. þings eða hugarflugsfundar.

Fulltrúar þökkðu ráðherra jafnframt fyrir fundinn. Umræðurnar viku aftur að fiskveiðimálum og bent á að mikilvægt sé að skoða hver græði á uppbyggingu fiskiðnaðar í Síerra Leóne. Brýnt

sé að þeir fátækustu í samfélaginu í Síerra Leóne njóti góðs af og að Ísland stuðli ekki að spillingu í fiskveiðistjórnun. Ítrekað var að stuðningurinn muni fyrst og fremst snúa að fátækum fiskveiðisamfélögum, sem standa frammi fyrir því að minni fiskur sé eftir handa þeim.

Vikið var að starfi á sviði mæðraverndar og baráttuna gegn fæðingarfistli. Starfið á því sviði snýst bæði um að bæta líf þeirra sem hafa fengið fæðingarfistol og að efla forvarnir. Ísland kom inn í þetta verkefni af alefli og hefur séð mikinn árangur í baráttunni.

5. Ráðgefandi hlutverk nefndarinnar

Farið var yfir fyrirkomulag ráðgjafar nefndarinnar, en hlutverk hennar er sem áður segir að veita ráðgjöf um stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands. Rætt var að hluti af ráðgjöf nefndarinnar sé að fá ráðherra fyrir framan nefndina og að í fundargerð eftir hvern fund felist einnig ákveðin ráðgjöf.

Fulltrúar bentu á að ef til vill mætti haga samstarfi utanríkisráðuneytisins og nefndarinnar þannig að ráðuneytið biðji nefndina um álit, enda mikil sérþekking og reynsla á sviði þróunarsamvinnu innan hennar. Skoða þurfi hvenær sé tímabært að hefja samráð um ákvarðanir eins og varðandi Síerra Leóne. María Mjöll, skrifstofustjóri alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins, sagði ráðuneytið meta umræður á vettvangi nefndarinnar mikils og að gildi breiðara samráðs auðsýnt. Því verði tekið fagnandi ef nefndin lýsir yfir vilja til að ræða sérstök málefni. Fulltrúar komu því einnig á framfæri að samstarf nefndarinnar við ráðuneytið hafi verið mjög gott.

6. Fundir í haust – dagskrá og tímasetningar

Formaður nefndarinnar fór yfir mögulega tímasetningu funda í haust. Búið er að halda fimm fundi á árinu 2022, en markmiðið er að halda jafnan fimm fundi á ári. Hins vegar voru fundir fáir árin 2020 og 2021 og því var talin ástæða til að halda fleiri fundi á þessu ári en í venjulegu árferði. Formaður lagði til að fundargerðin eftir þennan fund verði dregin saman í bréfi til ráðherra líkt og áður.

Stefnt er á að halda fund í október í tengslum við úttekt Þróunarsamvinnunefndar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD/DAC). Auk þess verði haldnir fundir í nóvember og desember, samtals átta fundir á árinu. Þá þurfi að skoða hugsanlegar tímasetningar fyrir vinnustofu um endurskoðun þróunarsamvinnustefnu Íslands líkt og ráðherra nefndi.

7. Önnur mál

Farið var yfir fjárframlög Íslands vegna móttöku flóttamanna, en í sumum ríkjum hafa fjármunir sem höfðu verið ætlaðir í tvíhliða þróunarsamvinnu eða aðra málefnaflokkar verið settir í flóttamannamál. Sama er ekki uppi á teningnum hjá Íslandi, sem hefur verið að samræma sitt verklag við það sem gildir í DAC-reglunum.

Umræðum lauk á þessum nótum og lokaði formaður með þökkum fyrir góðan fund.

Fundi lokið kl. 12:00.